

Kennsluáætlun

Textílmennt

Veturinn 2018 - 2019

6. og 7. bekkur

Kennari: Kristbjörg Hermannsdóttir

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Í þeim fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunaraflí sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Verkleg kunnátta hvílir á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

Verkgreinar sem kennslugreinar eiga sér langa sögu. Markmið þeirra hefur bæði verið að búa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska þeirra. Umhverfi okkar byggist að miklu leyti á tækni sem er einn af skapandi þáttum menningar og mótar ásýnd hennar, inntak, merkingu og tilgang. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu. Verkfærni og skilningur, sem byggist á rótgrónum hefðum handverks, er einnig undirstaða að öflugri verkmenningu og nýsköpun. Að skilja og vera læs á umhverfið er forsenda þess að hafa áhrif á það.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og er einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Lykilhæfni

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Hæfniviðmið **við lok 7. bekkjar** samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla greinasvið 2013.

Handverk, aðferðir og tækni.

- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar,
- fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum,
- unnið með einföld snið og uppskriftir.

Sköpun, hönnun og útfærsla.

- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli,
- notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla,
- útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin

- verkum,
- nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.

Menning og umhverfi.

- fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni,
- gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna,
- sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir,
- gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.

Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Námsefni:

- Uppskriftir og vinnulýsingar frá kennara
- Fagblöð, bækur og internetið

Markmið í 6. og 7. bekk þar sem horft er til hæfnimarkmiða mið stigs samkvæmt aðalnámsskrá:

Að nemendur hafi

- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar,
- fjallað um gerviefni í efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum,
- unnið með einföld snið og uppskriftir.
- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli,
- notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla,
- útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum,
- nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.
- náð góðum tókum á að sauma í saumavélinni
- kynnst fleiri útsaumssporum
- tekið þátt í umræðu um eigin textílverk og annarra
- hlustað og fylgt leiðbeiningum kennara
- unnið af áhuga og samvirkusemi
- þjálfað frjóa og skapandi hugsun
- sýnt umburðarlyndi og hjálpssemi
- vandað frágang á verkefnum
- gengið frá eftir sig
- gengið vel um tól og tæki í kennslustofunni

Leiðir:

Nemendur vinni verkefni með leiðsögn kennara þar sem leitast er við að efla sköpunarhæfileika og sjálfstraust þeirra. Hæfniviðmið eru höfð til hliðsjónar við verkefnaval.

Námsmat:

Stuðst er við frammistöðumat þar sem m.a. virkni og vinnubrögð í tímum eru metin. Auk þess er horft til allra hæfnimarkmiða og einstakir matsþættir valdir og metnir sérstaklega.

Verkefni skólaárið 2018 – 2019

Verkefni	Lýsing	Hæfniviðmið
Leikni í vélsaum	Farið yfir helstu atriði saumavélarinnar og gerðar nokkrar leikniæfingar. Tímaverkefni verður lagt fyrir nemendur þar sem þeir sína fram á kunnáttu sína og færni við að þræða vélina og skipta um spor.	Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.
Taska	Nemendur sauma tösku eftir verklýsingu og æfa með því beinan saum og sikk sakk. Skipta milli saumspora, setja í rennilás og þjálfa tvíbrottinn fald. Stefnt er að því að samþætta þetta verkefni myndmennt þar sem nemendur yfirfæra skuggamyndir yfir á vasa töskunnar.	Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum. Unnið með einföld snið og uppskriftir. Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli. Notað fjölbreyttar aðferðir til skreytingar textíla. Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.
Koddaver	Nemendur hanna koddaver. Nemendur útfæra minnst þrjár teikningar af koddaverin og leggja vinnu í hönnunarferlið. Allir eiga að sauma út í koddaverið en það er valfrjálst hvort nemendur blanda annarskonar aðferðum við eins og textílmálun eða túss, þrykkja eða sauma frjálst í saumavélinni.	Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum. Unnið með einföld snið og uppskriftir. Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli. Notað fjölbreyttar aðferðir til skreytingar textíla. Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.
Efnisfræði.	Gerviefni verða kynnt í efnisfræðinni. Unnin skrifleg verkefni.	Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu. Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni. Gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna.

Aukaverkefni

Í samráði við kennarann:

- stuttbuxur
- hekl
- flís húfur
- handsaumuð filtverkefni
- prjón

Birt með fyrirvara um breytingar
Kristbjörg Hermannsdóttir